

RÍKISSAKSÓKNARI

Fyrirmæli

Útgáfudagur:
31. mars 2023

Gildistaka:
31. mars 2023

RS: 1/2023
Kemur í stað RS: 2/2021

Efni: Sáttamiðlun

I. Um sáttamiðlun

Uppbyggileg réttvísi (e. restorative justice) er heiti hugmyndafræði sem felur í sér að leitast er við að ná sáttum á milli brotamanns og brotþola í kjölfar afbrots. Sáttamiðlun (e. mediation, d. mægling) er sú aðferð sem oftast er beitt við þetta. Í sáttamiðlun felst að brotamaður og brotþoli eru leiddir saman í því skyni að koma hinum brotlega í skilning um þau rangindi sem hann hefur viðhaft og fá hann til að friðmælast við brotþola með það fyrir augum að þeir komist að samkomulagi um málalok.

Sáttamiðlun er mikilvæg í tilvikum þegar ungir einstaklingar eru grunaðir eða kærðir fyrir afbrot. Með sáttamiðlun gefist aukið tækifæri á því að bregðast við brotum ungmenna á uppbyggilegan hátt þannig að þau standi frammi fyrir afleiðingum gerða sinna og axli ábyrgð á þeim. Þykir þetta vera til þess fallið að hafa aukin varnaðar- og uppeldisáhrif á viðkomandi ungmenni. Þá er það ekki síður til þess fallið að fá hlut brotþola réttan þannig að tekið sé tillit til stöðu hans og brotþoli fái viðurkenningu þess sem brotið hefur á honum á brotinu og að viðkomandi óski þess að sættir verði málalok.

Sáttamiðlun í sakamálum skal standa til boða í umdæmum allra lögreglustjóra.

II. Framkvæmd sáttamiðlunar

1. Inngangur

Ábyrgur ákærandi og lögreglufaglegur rannsóknarstjórnandi hvers máls skulu við greiningu og ákvörðun um meðferð máls, sbr. fyrirmæli RS: 2/2018 um rannsóknaráætlanir, kanna hvort sakarefni og umbúnaður máls uppfylli skilyrði til að vísa því til sáttamiðlunar. Ef þau skilyrði eru fyrir hendi er málinu úthlutað til verkefnastjóra sáttamiðlunar, en tilnefna skal a.m.k. einn slíkan við hvert lögregluembætti. Hlutverk verkefnastjóra sáttamiðlunar er að halda utan um

sáttamiðlun almennt hjá embættinu, vera sáttamaður og útteila verkefnum til annarra sáttamanna þar sem það á við. Nánar er fjallað um val á sáttamönnum, þjálfun þeirra og hlutverk í verklagsreglum ríkislögreglustjóra.

2. *Sakarefni*

Ákærandi metur hvort mál, sakarefni og málavextir, er til þess fallið að verða vísað til sáttamiðlunar. Við matið skiptir miklu að sérstök varnaðaráhrif mæli með slíkri meðferð og að almenn varnaðaráhrif mæli því ekki sérstaklega í mót. Sáttamiðlun kemur sérstaklega til greina í málum vegna brota á eftirgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (alm. hgl.) en **ekki er um tæmandi talningu að ræða**:

- Þjófnaður (244. gr. alm. hgl.)
- Gripdeild (245. gr. alm. hgl.)
- Ólögleg meðferð á fundnu fé (246. gr. alm. hgl.)
- Húsbrot (231. gr. alm. hgl.)
- Hótun (233. gr. alm. hgl.)
- Eignaspjöll (257. gr. alm. hgl.)
- Minniháttar líkamsárás (217. gr. alm. hgl.)
- Líkamsárás (1. mgr. 218. gr. alm. hgl.)
- Nytjastuldur (259. gr. alm. hgl.)
- Kynferðisleg áreitni (199. gr. alm. hgl.)
- Kynferðisleg friðhelgi (199.gr. a. alm. hgl.)
- Brot gegn blygðunarsemi (209. gr. alm. hgl.)

Áréttað er að samkvæmt 5. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 getur ákærandi sent mál til ríkissaksóknara til ákvörðunar leiki vafi á heimild til þess að falla frá saksókn. Sáttamiðlun verður ekki beitt í málum sem varða brot á ákvæðum XXII. kafla alm. hgl., öðrum en 199. gr., 199.gr. a. og 209. gr. laganna, nema að fenginni heimild ríkissaksóknara. Sáttamiðlun verður almennt ekki beitt þegar mikill aðstöðumunur er á milli sakbornings og brotaþola, s.s. vegna aldurs og þroska.

3. *Önnur skilyrði þess að máli verði vísað til sáttamiðlunar*

Ákærandi má vísa máli til sáttamiðlunar ef;

- a) málinu yrði annars lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun eða
- b) ætla má að refsing við brotinu færi ekki fram úr sektum, skilorðsbundnu fangelsi eða sex mánaða fangelsi.

Máli verður því aðeins vísað til sáttamiðlunar;

- aa) að gerandi hafi játað brot og að málið sé talið nægilega upplýst og
- ab) að gerandi og brotapolí hafi samþykkt að málinu verði vísað til sáttamiðlunar. Ef gerandi eða brotapolí er yngri en 18 ára skal lögráðamaður samþykkja að málið hljóti þessa meðferð.

4. *Aldursmörk*

Tiltekið aldurshámark geranda er ekki gert að skilyrði sáttamiðlunar, en áréttað skal að sáttamiðlun er sérstaklega æskilegur kostur í málum vegna brota ungmenna 15 - 21 árs.

5. *Lok sáttamiðlunar*

Sáttamaður tilkynnir ákæranda um málalok.

Ef sættir takast skal gert um það skriflegt samkomulag. Á grundvelli staðfestingar sáttamanns um efndir slíks samkomulags má ákærandi falla frá saksókn á grundvelli b. liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála.

Takist sættir ekki ber sáttamanni að endursenda ákæranda málið. Tekur ákærandi málið þá til viðeigandi meðferðar samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

6. *Tímamörk*

Ákvörðun ákæranda um að vísa máli til sáttamiðlunar skal að jafnaði liggja fyrir ekki síðar en 30 dögum eftir að mál berst lögreglu. Sáttamaður skal ljúka meðferð máls innan 30 daga frá þeim tíma, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi.

Að fenginni tilkynningu sáttamanns um efndir samkomulags skal ákærandi ljúka máli tafarlaust og tilkynna um málalok samkvæmt 147. gr. laga um meðferð sakamála.

Hafi tilkynning um lok sáttameðferðar ekki borist ákæranda innan fjögurra vikna frá því máli var vísað til sáttameðferðar ber ákæranda að taka málið til viðeigandi afgreiðslu samkvæmt lögum um meðferð sakamála og tilkynna það sáttamanni.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari